





# SKÁLAVÍK




TEXTI, KORT OG UMBROT:  
HULDA BIRNA ALBERTSDÓTTIR  
PRENTUN:

STYRKARADILAR:  
SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR  
POKASJÓÐUR  
MENNINGARRÁÐ VESTEJARÐA



NV-NR. 09-13



## Mannafellsskál

Hyrna ein gengur út úr Tunguhorni sem kallast Mánafell og hefur líklega dalverpið verið nefnt eftir henni, Mánafellsskál. Á seinni tímum hefur svo nafn hennar breyst í Mannafellsskál. Mannafellsskál er dalbotn vestur úr Hlíðardal inn með Tunguhorni. Þar er fallet landslag og gott útsýni yfir Bolungarvík. Þetta svæði á sér margar þjóðsögur en þar hefur fólk villst í vondum veðrum og talið er að um 18 manns hafi týnst þar en síðast lést þar maður árið 1994<sup>12</sup>.

Sögur herma að bóndi sem hét Bjarni bjó á Breiðabóli á árum áður. Hann var mjög bráðlyndur og brjáláðist oft og tók æðisköst þegar hann reiddist og voru margir hræddir við hann, því hann var allmikill fyrir sér. Bjarni átti steingrátt mjög fallett folald sem leit út fyrir að vera kjörhestur. En gallinn við það var að það var svo styggt að enginn náði því. Eitt sinn gerðu Bjarni og synir hans tveir tilraun til að ná því upp við Kroppstaðarfoss en folaldið hóf sig á loft og stökk yfir höfuðið á þeim og rak um leið annan afturfötinn í höfuðið á eldri syni Bjarna og lést hann samstundis. Reiddist Bjarni svo við það að hann þreif reipi og hljóp á eftir folaldinu. Eltingarleikurinn varði í þrjá sólahringa samfleytt um Skálavík og að lokum inn með fjalli og inn í Mannafellsskál. Þar sprakk folaldið og féll dauft niður. Var Bjarni þá einn svo reiður að hann stakk folaldið átján stungum og byrjaði að flá það. Þegar hann var kominn aftur á bak á folaldinu rís það upp og stekkur

á hann og treður til bana. Þá hurfu bæði Bjarni og folaldið og fundust aldrei meir.

Haustið eftir þetta voru tveir menn gangandi á Skálavíkurheiði. Sáu þeir á heiðinni folald sem dregur húðina á eftir sér og situr maður á húðinni. Þóttust þeir sjá Bjarna bónda þar og bregða við. Folaldið snýr upp í Mánafellsskál og hvarf þar sjónum. Fram að þessu fóru menn að sjá þessa afturgöngu sem villti fyrir ferðamönnum á heiðinni, en sagt er að Bjarni hafi ekki sést meir á folaldinu. Eftir þetta voru vörðurnar á heiðinni reistar, Hærri kross og Lægri kross, en sá síðarnefndi er hruninn, en Hærri kross hefur verið haldið við. Sögur herma að flestir sem hafi villst á Skálavíkurheiði villist upp í Mannafellsskál og hafa orðið þar úti<sup>13</sup>.



Mannafellsskál

Önnur saga segir að einu sinni hafi ferðamaður orðið úti á Skálavíkurheiði. Þegar hann fannst var hann grafinn þar sem heiðin er hæst og kross settur á kuml hans. Með því yrði hann vegvísir þeim sem um heiðina færu. Að fornum síð taldi hver ferðamaður sér skylt að leggja stein á kumlið þegar hann átti leið þar um. Stækkaði rústin þannig smám saman. Upp úr kumlinu átti varðan síðan að hafa verið gerð og henni jafnan haldið við, en einnig endurbýggð þegar þess þurfti.



Mannafellsskál og hluti af Hlíðardal

Á annari þverálmú krossins hékk lengi lítil koparbjalla sem hringdi þegar stormurinn hreyfði hana. Átti þetta vera gert til þess að fæla burtu óhreinar verur sem stundum voru þar á slæðingi, ferðamönnum til óþæginda. Jafnframt átti bjallan að beina mönnum leið að vörðunni í dimmviðri og vera vörn gegn því að menn villtust á heiðinni af völdum veðurs eða vondra dulaflla. Við Hærri kross var fyrrum algengur síður að nema staðar, á leið um heiðina. og enn munu margir sem um heiðina fara heilsa Hærri kross og líta þá í huga til þeirra tíma er hann var mönnum vegvísir í vetrarhríðum og dimmviðri<sup>14</sup>.

Hins vegar hafa sögur líklega eitthvað blandast saman því í annari sögu er sagt frá því að talið var til skamms tíma, að næststærstu lútersku kirkjuklukkan hér á landi væri í Bolungarvík og hafi verið gefnar m.a. til þess, að þeim væri hringt, ef menn væru á leið í þoku, byl eða dimmviðri á Skálavíkurheiði, þeim til leiðbeiningar<sup>15</sup>. Eru þessar sögur það líkar að líklegt er að þær hafi skolest til.

## Lambaskál

Utan til við Skálavíkurheiði er að sunnanverðu litil skál inn í fjallið sem heitir Lambaskál. Trú manna var á fyrri tímum að í þessari skál hefðist við ókind ein í lambslíki sem í vondum veðrum og dimmviðri slæddist inn á heiðina og villti þar fyrir mönnum líkt og folaldið úr Mannafellsskál. Vildu fæstir verða á vegi þessara ókinda, en ýmsir sögðust samt hafa orðið þess varir<sup>16</sup>.

## Snjóflóðið í Skálavík

Veturinn 1909-1910 var mjög snjóþungur í Skálavík eins annarstaðar á Íslandi. Þann 1. mars 1910 féll snjóflóð á Breiðabóli í Skálavík. Snjóflóðið féll úr fjallshlíðinni upp af Breiðabóli, á hér um bil 400 metra breiðu svæði. Búið var á sjö bæjum á jörð Breiðabóls: Breiðabóli, Hærribæ, Arahúsi, Móhúsi, Hólbæ, Skemmubæ og Neðribæ. Flóðið lenti á þremur bæjum, Hærribæ Arahúsi og Móhúsi (sjást á korti 1).

Enginn sá til snjóflóðsins, þegar það féll, en samkvæmt fólkinu sem kom að því, féll það á milli klukkan 21 og 22. Tvö elstu börnin úr Móhúsi komust út úr húsinu og fóru að Skemmubæ og

báðu fólkið um að hjálpa sér að bjarga móður sinni og systkinum úr snjóflóðinu sem hafði lent á bænum. Faðir þeirra var á sjó í Bolungarvík þennan vetur eins og flestir þeirra fullorðanna manna sem að heiman gátu farið þennan vetur. Konan og tvö börn hennar voru fáklaedd inn í eldhúsi þegar þeim var bjargað og færð niður í Hólbæ. Hærribæ og Arahús stóðu ofar en Móhús svo flóðið lenti fyrir á þeim með meiri þunga. Mennirnir sem þar komu að töldu að ólíklegt væri að nokkur væri á lífi í þeim og ákváðu menn að aðhafast ekkert um kvöldið í stórhríð og byl. Fólkið sem bjargaðist var flutt á Meiribakka vegna hættu á fleiri snjóflóðum.



Breiðabólshljó

Tveir menn frá Minnibakka fóru strax í birtu morguninn eftir á slyssaðinn. Þar var ekkert hús sjáanlegt og hvít köld hjarnbreiða yfir öllu.

Flóðið hafði grafið öll hús, þar með talin búfjárhús á efstu bæjunum tveimur. Í einu fjárhúsi voru einhverjar kindur lifandi, og vottaði fyrir toppi á stafni Hærribæjar, en vegna veðurs var ekkert hægt að aðhafsa sig. Vegna mannekle þurfti að ná í menn frá Bolungarvík og fóru tveir menn í blindbyl og stórhríð af stað og gengu að Meirihlíð með bréf frá Hreppstjóranum um að fá menn til að koma og hjálpa við uppgroft í Skálavík og tók ferðin fimm klukkustundir.

Safnað var um 20 mönnum sem höfðu mælt sér mót og lögðu þeir af stað um 7 leitið næsta dag og voru komnir milli 10 og 11 á snjóflóðasvæðið. Á eftir þeim hóp komu fleiri hópar svo að um hádegisbilið voru komnir tugir manna frá Bolungarvík. Byrjað var strax að grafa niður að rústum í Hærribæ. Fundust þar á lífi húsmóðirin og fjögur börn. Þau voru lítið meidd en þrekuð eftir rúmlega 40 klukkustunda bið í þessu ömurlega ástandi. Næst fannst húsbóndinn látinn í dyragátt milli gangs og svefnskála, og næst drengur, einnig látinn. Við norðurgabl hússins var fjós þar sem ein kýr var lifandi, en svo lemstruð að hún var skotin þegar í stað.

Þegar grafið var niður að Arahúsi fannst bóndinn látinn en hann hefur líklega legið upp í rúmi þegar flóðið lenti á bænum. Að lokum fannst kona hans einnig látin í suðurhorni hústóftarinnar og sást að hún hefur verið að þrjóna þegar slysið varð. Köttur þeirra fannst á lífi<sup>17</sup>.

Líkin voru flutt niður á Minnibakka og stóðu þar uppi í þrjár



Skálavík

vikur og voru farin að músétast<sup>18</sup>, þangað til að var hægt að koma kistum um líkin og farið var með þær svo á vélbát, líkin kistulögð og flutt til kirkju í Bolungarvík þar sem þau voru lögð öll í eina gróf.

Samtals létust fjórir í snjóflóðinu en tíu manns sem lentu í því lifðu það af.

## Ljósmyndir og heimildamenn

Ljósmyndir: Hulda Birna Albertsdóttir og Náttúrustofa Vestfjarða.

Munnlegar heimildir Jóhann Hannibalsson og Sigmundur Guðnason.

Sérfræðikaflar og yfirlestur: Þorleifur Eiríksson, Hafðís Sturlausgdóttir og Böðvar Þórisson.



Kroppstaðaa

## Heimildir

<sup>1</sup>Hjalte Franzson, 1972: Neysluvatn fyrir Bolungarvík. Reykjavík Orkustofnun. 12. bls. <sup>2</sup>Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson. 1998. Jarðfræðikort af Íslandi 1:500 000. Höggun. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík (1. Útgáfa). <sup>3</sup>Ólafur Arnalds, Elin Fjöla Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og fl. 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla Ríkisins. <sup>4</sup>Jón Reynir Sigurvinsson, júní 1999. Værdarsvæði Vatnsbóla í Bolungarvík. Unnið fyrir Heilbrigðisefirlit Vestfjarða. 14 bls. <sup>5</sup>Páll Vidalin og Arni Magnússon. 1940. Jarðabók. S. L. Möller. Kaupmannahöfn. <sup>6</sup>Jens Nielsson. 1961. Snjóflóðið í Skálavík 1. mars 1910. Ársrit Sögufélags Ísfróðinga. 6:81-90. <sup>7</sup>Landnáma. Íslendingasögur I.1953. Reykjavík. <sup>8</sup>Þjóðskjalasafn Íslands, 2012. Manntal frá 1703 - 1910. <sup>9</sup>Ragnar Edwardsson. 2000. Fornleifaskráning í Bolungarvík. Lokaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands. FS120-96023. <sup>10</sup>Páll Vidalin og Arni Magnússon. 1940. <sup>11</sup>Jarðabók. S. L. Möller. Kaupmannahöfn. <sup>12</sup>Arni Gíslason. 1980. Gullkistan- Endurminningar Árna Gíslasonar um fiskveiðar við Ísafjarðardjúp árin 1880 – 1905. 33:148-149. Ægisútgáfan. Reykjavík. <sup>13</sup>Morgunblaðið. Konu bjargað eftir 11 stundir. 29.3.1994-2. <sup>14</sup>Jens E. Nielsson. 1961. Bolungarvík: Folaldið í Mannafellsskál. Eftir frásögn Árna M. Árnasonar á Hóli 1912. Skrásett af Finnþoga Bemóðussyni. Elin Guðmundsdóttir. Reykjavík. <sup>15</sup>Jens E. Nielsson. 1961. Bolungarvík: Hærri kross. Elin Guðmundsdóttir. Reykjavík. <sup>16</sup>Jens E. Nielsson. 1961. Bolungarvík: Lambaskál. Elin Guðmundsdóttir. Reykjavík. <sup>17</sup>Jens Nielsson. 1961. Snjóflóðið í Skálavík 1. Marz 1910. Ársrit Sögufélags Ísfróðinga. 6:81-90. <sup>18</sup>Jens Nielsson. 1961. Úr dagbókum Magnúsar Hjaltasonar kennarar frá Snjóflóðinu í Skálavík 1.